



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur

26. mars 2009
12. tbl. · 26. árg.

Háprýstipvottur

Kjarnaborun

Steinsögun

Sími: 456 6600

**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**

www.vverk.is

- Veitingar
- Skemmtun
- Lifandi tónlist
- Góð þjónusta

KAFFI EDINBORG
Café · Restaurant · Bar
www.kaffiedinborg.is



Hemmi múrari

**Hermann Þorsteinsson, framkvæmdastjóri
Vestfirskra verktaka ehf., á Ísafirði er at-
orkusamur byggingarverktaki og björgunar-
sveitarmaður. Sjá viðtal í miðopnu.**



Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um
80 afgreiðslustaði um land allt.
Hvað getum við flutt fyrir þig?
Hafðu samband og fáðu tilboð.

Eyrarskála 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 www.flytjandi.is

EIMSKIP
Flytjandi

Ásbjörn sigraði Einar Kristinn

Ásbjörn Óttarsson í Snæfellsbæ sigraði í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í NV-kjörðæmi en talningu lauk síðdegis á sunnudag. Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður í Bolungarvík hafnaði í öðru sæti. Í þriðja sæti varð Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir á Tálknafirði, Birna Lárusdóttir á Ísafirði varð í fjórða sæti, Bergþór Ólason á Akranesi í fimmta og Sigurður Örn Ágústsson á Sauðárkróki í sjötta sæti. Kosningin er bindandi í sex efstu sætin. Kjósókn var með mesta móti á landsvísi. Á kjörskrá voru 3930. Atkvæði greiddu 2913 eða 74,13%.

Auðir og ógildir seðlar voru 221 og gild atkvæði því 2692.

Einar Kristinn Guðfinnsson sagði í samtali við Morgunblaðið taka 2. sætið. „Árangur minn er þó þannig að ég hef fengið mikinn stuðning í 1. sætið og ég sé á öllu að sá stuðningur kemur víða að úr kjördæminu og er mjög breiður. Ég fagna því. En það er þó ljóst að mjög er kosið á landfræðilegum grunni - eins og tíðkast hér á landi - og fyrir það er ég að gjalda. Það blasir við.“ Einar Kristinn sagði ævarandi þakklátur þeim sem aðstoðuðu hann í kosningabaráttunni nú, margir hefðu lagt á sig gríðarlega vinnu og fyrir það vildi hann þakka.



Ásbjörn Óttarsson.

„Ég held það hafi valdið því að það kemur fram ákveðin krafa um endurnýjun. Við erum að svara því kalli,“ sagði Ásbjörn

Óttarsson í samtali við mbl.is, spurður hvað hefði orðið til þess að hann náði 1. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi. „Þetta kom skemmtilega á óvart,“ segir Ásbjörn. „Enda að keppa við mjög öflugan mann og vinsælan,“ bætir hann við. Ásbjörn er forseti bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Hann er 46 ára, uppallinn á Hellissandi og búsettur á Rífi. Hann hefur starfað við sjómennsku og útgerð og rak fiskverkun á Rífi um nokkurra ára skeið. Hann rekur útgerðarfyrirtækið Nesver ehf. ásamt Margréti G. Scheving, eiginkonu sinni.



Lífeyrissjóður Vestfirðinga er til húsa í Neista.

Neikvæð raun- ávöxtun LV 29%

Lífeyrissjóður Vestfirðinga er með neikvæða raunávöxtun upp á 29% samkvæmt skýrslu um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins miðað við 31. desember 2008. Neikvæð tryggingafræðileg staða sjóðsins er um 16%. Um síðustu áramót tóku gildi breytingar á lífeyrissjóðalögum sem m.a. fólu í sér tímabundna breytingu á því að ekki væri nauðsynlegt að skerða réttindi við neikvæða tryggingafræðilega stöðu ef hún væri innan við 15%, en áður var viðmiðið 10%.

Samkvæmt bráðbirgðaniðurstöðum þurfa væntanlega sex eða sjö lífeyrissjóðir að skerða réttindi sjóðfélaga. Vegna áfalla á fjármálamörkuðum síðastliðið haust ákvað Fjármálaeftirlitið að flýta skýrsluskilum á tryggingafræðilegum athugunum lífeyrissjóða. Skiladagur var ákveðinn 1. mars fyrir sjóði án ábyrgðar og 1. apríl fyrir sjóði með ábyrgð launagreiðenda.

Fyrirnefndir sjóðir hafa nú skilað skýrslum um miðað við stöðuna 31. desember 2008. Bráðbirgða niðurstöður sýna að staðan hefur versnað verulega frá árinu áður og eru aðeins þrír sjóðir með jákvæða tryggingafræðilega stöðu samanborið við 20 sjóði við árslok 2007. Samkvæmt niðurstöðum innsendra skýrslna sýna allir áður nefndir sjóðir neikvæða raunávöxtun fyrir árið 2008 en þó mismunandi eftir sjóðum. Vegið meðaltal neikvæðrar raunávöxtunar er nálægt 21,5%.

– birgir@bb.is

Óska eftir ríkisstuðningi

Stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur hefur óskað eftir því við fjármalaráðherra að nýtt verði heimild laga og sparisjóðnum lagt til nýtt eigið fé sem nemur 20% af bókfærðu eigin fé eins og það var í árslok 2007.

Samkvæmt samstæðu ársreikningi sparisjóðsins nam eigið fé í árslok 2007 alls kr. 2.006.167.000,-. Miðað við ákvæði áðurnefndra laga og reglna er því heimilt að leggja sparisjóðnum til fjárhæð sem nemur kr. 401.233.000,-.

Ingi Þór hættur sem bæjarfulltrúi

Ingi Þór Ágústsson bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins hefur sagt af sér sem bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ. Á bæjarstjórnarfundinum í síðustu viku var lagt fram bréf frá Inga Þór þar sem hann segir

starfi sínu lausu vegna brottflutnings fjölskyldu hans úr bænum. Ingi Þór hafði óskað eftir tímabundnu leyfi á meðan hann tæki sér feðraorlof en hann var ráðinn framkvæmdastjóri Ung-

mennasambands Borgarfjarðar í september. Forseti bæjarstjórnar, Gísli Halldór Halldórsson, þakkaði Inga Þór Ágústssyni, störf hans í þágu bæjarins. *bb@bb.is*



Haukur í horni: „mmm... gott kaffi, en hvernig fóruð þið að því að losna við flugurnar?“



Flugur herja á slökkvilið Ísafjarðarbæjar: Ekki eru allir vorboðarnir af hinu góða eins og slökkviliðsmenn Ísafjarðarbæjar hafa komist í raun um.



Höfum trú á framtíðina

Gjafabréf til framtíðar

Fátt er mikilvægara en að tryggja æsku landsins örugga og bjarta framtíð. Við höfum trú á framtíðinni.

Líttu við á **spkef.is** og kynntu þér kosti **Framtíðarreiknings Sparisjóðsins**

- Há raunávöxtun innlánsreikninga
- Verðtryggður reikningur
- Hægt að semja um reglubundinn sparnað
- Hægt að leggja inn hvenær sem er



SPARISJÓÐURINN
spkef.is



Mikil áskorun að þjálfra á Íslandi

Dragan Kazić er þjálfari meistarflokks BÍ/Bolungarvíkur. Undanfarin tvö ár hefur hann starfað sem aðstoðarþjálfari Grindavíkur en hann hóf þjálfunarferilinn í Serbíu þar sem fjölskylda hans býr en hann er upprunalega frá Svartfjallalandi. Hann hefur þjálfað í tuttugu ár og hefur s.l. tíu ár starfað sem þjálfari í úrvalsdeildum í mörgum löndum, þar á meðal Singapúr áður en hann kom til Íslands árið 2006. Aðspurður hvers vegna hann ákvað að flytja til Íslands segir hann ástæðuna vera vegna vinar síns Milan Stefán Jankovic, fyrrverandi þjálfara Grindavíkur. Félagarnir voru að ræða fótbolta og spurði þá Milan hvort Dragan vildi ekki koma til Íslands og tveimur árum síðar var hann fluttur til landsins. Dragan segir þjálfun á Íslandi vera mikla áskorun fyrir sig vegna þess að allt er öðruvísi á Íslandi en hann á að venjast.

„Til dæmis í mínu heimalandi eru allir leikmenn atvinnumenn í úrvals- og fyrstu deild. Æfingar eru tvisvar á dag, alls níu æfingar á viku. Á Íslandi er aðeins æft fimm sinnum í viku. Æfingar í Serbíu er mjög erfiðar á leikmenn en ég er samt sem áður öðruvísi þjálfari en þeir í Serbíu því ég vil að leikmenn æfi sig meira með boltann. Það skiptir ekki máli þó leikmenn geti hlaupið tíu til tuttugu kílómetra, það er fyrir frjálss-

íþróttamenn. Leikmenn verða að læra hvernig á að spila maður á mann, rekja boltann og senda hann og svo framvegis. En ég veit að hver leikmaður verður að vera í góðu líkamlegu og andlegu ásigkomulagi, en ég legg mestu áhersluna á leikni,“ segir Dragan.

– Aðspurður hvort hann hefði heyrt um Ísland áður en Milan Stefán minntist á það við hann svarar Dragan því neitandi. Hann segir Ísland vera mjög spennandi

og fallett land.

„Umhverfið í kringum Grindavík og Reykjavík er mjög fallett. Fjölskyldu minni fannst landið afar fallett þegar þau heimsóttu mig fyrir tveimur árum og eru æst í að koma aftur.“ Hann segir fyrsta árið á Íslandi hafa verið mjög erfitt fyrir sig vegna aðskilnaðar frá fjölskyldunni og erfiðleika vegna tungumálsins. Hann aðlagðist landinu þó fljótt og vill fyrir alla muni læra íslensku.

„Mig langar að læra íslensku vegna þess að tungumálið er mjög framandi fyrir mér og með því að læra það sýni ég Íslandi virðingu. Tungumálið er samt sem áður mjög erfitt. Ég skil ör-lítið en ég get ekki notað íslensku til að tjá mig.“ Hann segir Ísafjörð vera mjög frábregðin Reykjavík og Grindavík því fjöllin setji sterkan svip á bæinn.

„Eftir að ég kom til Ísafjarðar þá tók ég eftir því að hér er ekki á hverjum degi vindasamt, sem er annað en ég á að venjast frá Grindavík þar sem er rok á hverjum degi.“ Hann segir landslagið

á Ísafirði afar frábregðið því sem hann á að venjast í Serbíu. Hann bjó nálægt landamærum Ungverjalands. Hann segir svæðið vera án allra fjalla og hæða, mjög líkt umhverfinu í Hollandi, hann finni því fyrir smá einangrunar tilfinningu á Ísafirði en kann engu að síður mjög vel við sig hér.

Heyrt margar sögur um flugið

– En hvernig líkaði þér að fljúga á Ísafjörð?

„Ég hafði heyrt margar sögur um flugið til Ísafjarðar. Fólk lýsti því sem einu hræðilegasta aðflugi sem það hefur lent í þegar vélin tekur beygjuna í botni fjarðarins. En ég varð alls ekki hræddur þegar að því kom. Veðrið var mjög gott þegar ég flaug hingað. Maður var kannski 150 metra frá fjallinum, þetta var mjög merkileg upplifun.“

Aðspurður hvort hann hafi hugsaði sig lengi um þegar hann var beðinn um að taka við þjálfun BÍ/Bolungarvíkur segir Dragan

tilboðið hafa komið upp þegar mikil óvissa ríkti í Grindavíkurlíðinu. Hann og Milan Stefán höfðu talað um að þeir vildu þjálfra saman í úrvalsdeildinni á Íslandi en hann fann fyrir miklum óróa í stjórn liðsins og hann hafi því farið beint til stjórnarinnar og beðið þá um að gera hreint fyrir sínum dyrum; hvort hans væri óskað innan liðsins eða ekki.

„Þeir sögðust ekki hafa fjármagn til að halda mér og ég sagði þeim að það væri ekki vandamál því mín væri óskað af liðum út í heimi. Þá fæ ég símhringingu frá Svavari Guðmundssyni, formanni BÍ, og frá Goran Vujic, sem leikur með BÍ/Bolungarvík, og þeir sögðu við mig að þeir hefðu áhuga á að fá mig. Við ræddum saman og gerðum samning á mjög skömmum tíma.“

Liðið afar metnaðarfullt

Talið berst að liðinu og hann segist strax hafa tekið eftir að leikmenn liðsins eru afara metnaðarfullir og leggja sig fram við

æfingarnar. Hann segir liðið hafa alla burði og metnað til að standa sig vel í deildinni. Hann talaði við stjórn liðsins og spurði þá hvaða markmið hún vildui að liðið næði í ár.

„Þeir sögðu mér að þeir vildu að liðið haldi sér að sjálfsögðu í deildinni. Það verður ekki vandamál,“ segir Dragan og brosir.

–En hvernig finnst þér leikmennirnir, hver er styrkleiki liðsins?

„Ef ég tek sem dæmi nokkra leikmenn þá er Sigurgeir, fyrirliði, frábær leikmaður. Guðni Páll er mjög góður og á eftir að verða betri í sumar. Róbert Örn, markmaður, er framúrskarandi leikmaður og Arnar Þór er mjög leikinn. Emil „hinn ungi“ er mjög góður, hann er mjög ungur en ég er viss um að hann leiki með íslenska landsliðinu í framtíðinni. Hann er mjög góður núna, metnaðarfullur og vill læra meira og kenna öðrum og verður betri. Andri frá Bolungarvík er einnig mjög góður. En ég get ekki sagt til um alla leikmenn liðsins á þessari stundu því ég hef bara séð nokkra spila á ísílögðu gervi-grasi og það segir ekki mikið um þá.“

–Hefuru áhyggjur af því að liðið sé of ungt?

„Nei, það get ég ekki sagt og sé ekki að það eigi eftir að vera vandamál. Ef þeir leggja sig fram og vilja æfa þá get ég ekki séð að eitthvað sé til fyrirstöðu að þetta verði frábært lið.“

–Talið berst að efnahagsástand-

inu á Íslandi og Dragan brosir við þegar minnst er á erfiðleikana hérna. Hann er fljótur að grípa inn í og segja að þó Ísland sé í erfiðum aðstæðum þá er það ekki eina landið sem glími við kreppuna þessa stundina.

„Serbía hefur fengið sinn skerf af kreppu og glímt við efnahags-erfiðleika. Ástandið er ekki gott þar. Fimm prósent af þjóðinni er mjög rík og er alveg sama um aðra Serba sem standa illa. Ástandið endurspeglast í knattspyrnunni. Ég gæti fundið gott lið í Serbíu til að þjálfar en sum félögin hafa stjórnendur sem eru tengdir mafiunni eða glæpasamtökum. Það er mjög erfitt fyrir þjálfara þar í landi að ræða við stjórnendur liða hvað sé best fyrir leikmanninn hverju sinni. Það er mikið um að leikmenn fái að spila sem eiga ekki skilið að vera í liðunum en eru þar aðeins vegna tengsla sinna við stjórnendur þeirra.“

Vill ekki þjálfar í Serbíu

„Ég vil bara hafa leikmenn í liðinu sem standa sig og æfa vel. Hjá sumum liðum er þetta ekki vandamál en þetta viðgengst víða. Ég vil ekki þjálfar í Serbíu. Í Serbíu eru aðstæður góðar til knattspyrnuíðkunnar og eru margir góðir vellir þar. Á Íslandi eru nokkrir góðir vellir en það sem íslenska knattspyrnan hefur framyfir þá serbnesku er að leikimir hérna fara löglega fram og eru sanngjarnir. Betra liðið

vinnur ávallt á Íslandi og það er hægt að keppa með fullri vitund um að það sé ekki eitthvað óheiðarlegt í gangi. Í Serbíu er erfitt að vita hvort leikurinn fór heiðarlega fram og hvort úrslitunum hafi verið hagrætt. Á þessari stundu segi ég að mér huggnast ekki að þjálfar í Serbíu, en maður skal adrei segja aldrei.

–Ein spurning að lokum. Þú hefur samið til tveggja ára við BÍ/Bolungarvík. Áttu von á að vera á Ísafirði í tvö ár?

„Það er erfitt að segja og kemur eflaust í ljós í september. Ef liðinu gengur vel og stjórmin verður ánægð með störfin mín og mér líkar veran, þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu. En hlutirnir breytast fljótt í knattspyrnunni, þannig að ég einbeiti mér aðallega að því að þjálfar liðið á þessari stundu og læt svo framtíðina ráðast síðar.“

Óskar Milo skjóts bata

Dragan vill koma því að að hann óskar Milo, fyrrverandi þjálfara liðsins, skjóts bata í baráttu sinni við veikindin sem ollu því að hann gat ekki haldið þjálfun liðsins áfram samkvæmt læknisráði. „Milo er mjög góður einstaklingur og góður þjálfari. Ég vona að hann mæti á leiki með okkur í sumar og ég óska honum góðrar heilsu og vona að hann þjálfar gott lið eftir að hann nær sér,“ segir Dragan Kazic.

– birgir@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTBOD: GATNAGERÐ Á SUÐUREYRI

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verk-
ið „Gatnagerð á Suðureyri, Höfðastígur,
1. áfangi.“ Ofangreindu verki skal vera
að fullu lokið eigi síðar 1. júlí 2009.
Útboðsgögn eru afhent hjá Ísafjarðarbæ,
Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði. Tilboðin verða
opnuð **Þriðjudaginn 7. apríl nk. kl. 11:00**
að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess
óska.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

Atvinna

Fólk vant handflökun vantar til starfa fyrir
Fiskvinnsluna í Súðavík.

Upplýsingar gefur Gunnar í síma 660 2760.

Fiskvinnslan ehf.



Handverkshúsið er það fyrsta sinnar
tegundar. Mynd: Nina Ivanova.

Handverks- hús á hjólum

Nýstofnað félags handverks-
fólks á Vestfjörðum vinnur nú
að smíði á handverkshúsi á
hjólum sem hægt verður að
flytja á milli staða. Ætlunin er
að nýta húsið til sölu á minja-
gripum til ferðamanna, hvort
sem þeir koma sjóleiðis eða
landleiðis.

„Ferðirnir eru stundum skipu-
lagðar þannig að ferðafólkið
hefur lítinn tíma til að labba
um bæinn. Það er því fin lausn
að færa húsið til fólksins og
gefa því kost á að fjárfesta í
gæðavörum, framleiddum á
Vestfjörðum,“ segir Nina Ivan-

ova, einn af hönnuðum húss-
ins. Hún segir handverkssölu-
húsið vera einstakt. Það er frum-
hannað og byggt að mestu leiti
af þeim Stefáni Hafsteinssyni
og Ómari Smára Kristinssyni.

Prufukeyra á húsið um pásk-
ana samhliða tónlistarhátíðinni
Aldrei fór ég suður en einnig
er stefnt að því að mynda hand-
verkshóp með ferskt viðhorf á
minjagrip. „Við viljum kenna
áhugasömu fólki að hanna og
meira að segja framleiða alls-
konar gæðahluti ef vilji er fyrir
hendi“, segir Nina.

– thelma@bb.is

Spurningin

Hefur þú svikið undan skatti?

Alls svöruðu 576.
Já sögðu 159 eða 28%
Nei sögðu 417 eða 72%

Netspurningin er birt viku-lega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Stíf norðanátt með eljum, en bjart með köflum sunnanlands. Talsvert frost um land allt. **Horfur á laugardag:** Minnkandi norðanátt og él. Áfram kalt í veðri. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir sunnanátt og hlýnandi veður um land allt.

Mæðraleikfimi í Ísafjarðarbæ

Heilsuefning í Ísafjarðarbæ í samstarfi við Ester Sturludóttur einkaþjálfara er að fara af stað með mæðraleikfimi í annað sinn. Fyrir í vetur hélt Heilsuefningin ásamt Ester reynslunámskeið í mæðraleikfimi sem stóð yfir í 6 vikur og var aðsóknin nokkuð góð. Var því ákveðið að fara af stað með annað námskeið.

Útgefandi:

H-prent ehf.,
kt. 600690-1169,
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður,
sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:

Thelma Hjaltadóttir,
símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is
Birgir Olgeirsson, símar
456 4560 og 867 7802,
birgir@bb.is

Ritstjóri netútgáfu bb.is:

Sigurjón J. Sigurðsson

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson, sími
894 6125, halldor@bb.is.

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
og Halldór Sveinbjörnsson
Lausasöluverð er kr. 400
eintakið með vsk. Veittur er
afsláttur til elli- og örorku-
lífeyrisþega. Einnig sé greitt
með greiðslukorti.

Önnur útgáfa:

Ferðablaðið
Á ferð um Vestfirði.
ISSN 1670 - 021X

Mótmæla byggingu einbýlishúss að Sólgötu 6

Húseigendur við Hrannargötu og Sólgötu á Ísafirði hafa afhent Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar undirskriftarlista þar sem fyrirhugaðri byggingu einbýlishúss á lóðinni að Sólgötu 6 er mótmælt. Stígur Arnórsson, einn húseigenda við Hrannargötu, afhenti bæjarstjóra listann. Hann segir nauðsynlegt að finna annan kost til að þétta byggðina á eyrinni en að byggja að Sólgötu 6. „Ókostirnir eru fyrst og fremst bílastæðavandamál sem skapast vegna byggingu hússins og umferðarþunginn í götunum. Þetta eru stofnleiðir í gegnum Ísafjörð og er tenging á milli hverfa. Það fara allir þungaflutningar hér í gegn og við höfum þurft að rýma göturnar þegar þarf að flytja þung og mikil tæki í gegnum göturnar. Mér finnst, miðað við umferðina sem er í gegnum göturnar, ekki boðlegt að þrengja meira að þeim,“ segir Stígur.

Hann tekur sérstaklega fram bílana sem íbúarnir hafa verið að geyma á lóðinni sem er fyrirhugað að byggja á. „Allir íbúarnir rituðu undir bréfið og fólk sem hefur notað þetta bílastæði. Fólk sem kemur í heimsókn til manns hefur þurft að leggja bílunum sínum við Fjarðarstrætið og ég myndi segja þetta vandamál eigi eftir að aukast mikið ef til byggingar einbýlishússins kemur,“ segir Stígur. Svipað mál kom



Stígur Arnórsson og Friðrik Jóhannsson afhenda Halldóri Halldórssyni undirskriftarlistann.

upp árið 2003 þegar byggja átti á lóðinni. Þá undirrituðu íbúarnir í götunum einnig mótmælabréf og afhentu bæjarstjóra og ekkert varð úr framkvæmdum á lóðinni því verktakinn hætti við. Stígur segir málið horfa öðruvísi við núna því fullur hugur er á að klára byggingu hússins.

Hann segir umferð um göturnar eiga eftir að aukast um 25% eftir að Bolungarvíkurgöng verða tekin í notkun. „Á sama tíma hefur ekkert verið gert til að draga úr umferðahraða í gegnum göturnar. Íbúunum er illa við þessa framkvæmd því það veit

að það verður á hrakhólum með bílana sína,“ segir Stígur. Hann segir lóðina vera byggingarlóð samkvæmt deiliskipulagi og segir sveitarfélagið telja að það sé alfarið þess að ákveða hvort byggt verður á lóðinni.

„Sveitarfélagið telur að lóðin þurfi ekki að fara undir grenndarkynningu af því lóðin er á deiliskipulagi. Lóðin telst samþykkt af því það var auglýst löglega, að mér skilst, en það sáu það ekki margir og ég vissi ekkert af því skipulagi fyrir en það átti að fara að byggja hérna árið 2003. Ef grenndarkynning hefði farið fram

á þessu skipulagi hefði það verið kært samstundis,“ segir Stígur.

Hann segir sveitarfélagið vilja þetta byggð á eyrinni með byggingu hússins en hann segir ekki mikla þéttingu með því að setja eitt hús á lóð þar sem bílastæði er fyrir. „Væntanlega verður erfitt fyrir íbúanna þegar þrengt er svona að þeim og mér finnst vera orðinn breyting á aðstæðum á Ísafirði síðan 1997 þegar þetta deiliskipulag var gert. Það eru flestir komnir með tvo bíla og umferð hefur því aukist til muna,“ segir Stígur.

– birgir@bb.is

Ritstjórnargrein

Missum ekki sjónar á markmiðinu

Í september 2007 var skipuð nefnd til að móta tillögur um háskólanám á Vestfjörðum. Á málþingi sem haldið var á Ísafirði í október 2007 og bar yfirskriftina „Atvinna fyrir alla“ sagði formaður tilgreindrar nefndar: „Ef byggð á að eflast þurfa öll þrepin í þróun hagkerfa að vera til staðar“ og var þar væntanlega að benda á mikilvægi öflugra skóla fyrir samfélagið.

Ef til vill er það vegna þess hve Vestfirðingar eru biðinni vanir, þegar hið opinbera á hlut að máli, að þeir hafa ekki verið að fjargviðrast út af því að af tillögum háskólanefndarinnar, hverjar boðaðar voru á vordögum 2008, skuli nú fyrst fréttast og þá sem drögum að skýrslu til fyrirverandi menntamálaráðherra. Niðurstöður nefndarinnar eru sagðar metnaðarfullar, bæði hvað varðar eflingu skólastarfsins og þátt ríkisins. Hvað það síðarnefnda varðar vaknar spurning hvað vaki fyrir nefndinni að telja forsendur eigin tillagna vera í uppnámi vegna óvissu í efnahagsmálum? Sú hlið málsins hefði maður haldið að sneri að stjórnvöldum?

Fyrir tæpu ári sagði Peter Weiss, forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða, í blaðaviðtali sem bar yfirskriftina „Höfum metnað til að ná langt“ og undirtitilinn „Ætlum að skapa okkur sérstöðu með því að einbeita okkur að málefnum hafsins og strandsvæðum almennt,“ meðal annars: „Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að hafa

haldbæra áætlun um uppbyggingu háskólamála á Vestfjörðum. Við verðum að geta skipulagt starfsemi okkar og rekstur til lengri tíma. Það er erfitt að byggja upp háskólanám ef horfa á til þess hvernig vindar blása hverju sinni. Starfið verður að vera byggt á traustum grunni með langtímamarkmið að leiðarljósi.“

Engum dylst að fram undan eru erfiðir tímar, samdráttur í útgjöldum ríkisins blasir við hvert sem lítið er. Það versta sem fyrir okkur gæti komi við slíkar aðstæður væri að við hættum að horfa til framtíðar, misstum sjónar á þeim markmiðum sem við höfum stefnt að. Látum því ekki tillögurnar um háskólastarf á Vestfjörðum rykfalla í skúffum embættismanna menntamálaráðuneytisins. Kunngerum þær Vestfirðingum sem vissulega hafa miklar væntingar í þessum málum. Höldum okkur við þær, með eðlilegri endurskoðun í tímans rás, svo hægt sé að grípa til þeirra um leið og færi gefast. Nýtum þær sem keyri á stjórnvöld til að halda þeim við efnið.

Peter Weiss hefur lög að mæla. Háskólanám verður ekki byggt upp ef horft er til þess hvernig vindar blása hverju sinni.

Háskóli á Vestfjörðum rís aldrei undir væntingum nema leiðarljósið sé langtímamarkmið. Á því megum við ekki fyrir nokkurn mun missa sjónar.

s.h.



Vertu með allt á góðum stað

Komdu til okkar í Vodafone Gull

- **Heimasíminn.** Símtöl í alla aðra heimasíma á **0 kr.** – óháð kerfi. Ekkert upphafsgjald.
- **Gemsinn.** Fimm GSM vinir óháð kerfi.
- Þú færð **mesta hraðann** á Netinu eða allt að 12 Mbit.

Vertu með allt á einum stað og skráðu þig strax í vildarþjónustu hjá **Pólnum**, umboðsmanni Vodafone á Ísafirði.

Lifðu núna

Fitea/SIA





Afbrotum fækkaði

Afbrotum fækkaði í öllum flokkum í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum í febrúar milli ára. Í skýrslu um afbrotatölfræði síðasta mánaðar kemur fram að ellefu hegningarlagabrot voru fram í ár en voru fjórtán talsins í febrúar 2008. Umferðarlagabrotum fækkaði um 18 eða úr 55 árið 2008 í 37. Þá komu engin fíkniefnalagabrot á borð lögreglunnar á Vestfjörðum í síðasta mánuði en þau voru fimm árið áður.

Athygli vekur að í flestum öðrum umdæmum fjölgaði hegningarlagabrotum og yfir landið allt var tilkynnt um 1.234 slík brot og hafa þau ekki verið svo mörg síðastliðin fjögur ár. Umferðarlagabrot voru tæplega 2.800 talsins sem er fækkun eflítið er til febrúarmánaða 2006-2008. Fíkniefnabrot voru einnig færri en síðustu ár, eða 100 talsins.



Tuttugu og fjórir vilja starfið

Tuttugu og fjórir einstaklingar sóttu um stöðu rekstrarstjóra Húsasmiðjunnar á Ísafirði. Elín Hlíf Helgadóttir, starfsmannastjóri Húsasmiðjunnar, segir umsóknirnar vera framar hennar vonum en sjálf átti hún von á að fjöldi umsókna yrði í kringum fimmtán. Hún segir heimamenn hafa sýnt starfinu töluverðan áhuga en einnig hafi borist þónokkrar umsóknir frá höfuðborgarsvæðinu.

Hún segir umsóknarferlið taka tvær til þrjár vikur þar sem farið verður í gegnum umsóknirnar og umsækjendur kallaðir í viðtöl. „Annars verður núverandi rekstrarstjóri væntanlega starfandi hjá fyrirtækinu til 1. maí eða 1. júní,“ segir Elín Hlíf.



Inn að beíni

Auðunn Einarsson, PGA golfkennari, Fit Pilates kennari og Herbalife dreifingaraðili

Auðunn Einarsson hefur um árabil verið einn besti kylfingur Ísfirðinga og keppt á ótal mótum, bæði innanlands og erlendis. Hann var í fyrsta útskriftarhópnum í Golfkennaraskóla PGA á Íslandi ásamt mörgum af bestu kylfingum landsins, og getur nú unnið sem fullgildur kennari hvar sem er í Evrópu. Einnig er hann Fit Pilates kennari og Herbalife dreifingaraðili.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?

Að fara á blint stefnumót í Bláfjöllum.

Hvar langar þig helst að búa?

Ástralíu, bara verð að prufa það.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Dagurinn sem ég setti vallarmet á Tungudalsvelli. (Júlí 1998).

Ógleymanlegur dagur og minningar sem fylgdu honum.

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Það er augljóst, og það vita allir sem þekktu foreldra mína.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Að kalt vatn er ekki heitt.

Uppáhaldslagið?

Lightning Crashes með Live.

Uppáhaldskvikmyndin?

Bruce Almighty.

Uppáhaldsbókin?

Lord of the rings.

Ógleymanlegasta ferðalagið?

18 tíma rútuferð um sveitir Thailands sem bílaði með öllum tilheyrandi ævintýrum. (Húkka far, ekkert vestrænt klósett né sturta, dæla vatni úr brunni o.sv.fr.)

Uppáhaldsborgin?

Miami af þeim sem ég hef komið til.

Besta gjöfin?

Golfsettið sem pabbi gaf mér þegar ég var 10 ára.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Pottþétt.

Hvaða hlut geturðu alls ekki verið án?

Dagbókarinnar.

Fyrsta starfið?

Bæjarvinnan á Ísafirði um 12 ára ef ég man rétt.

Draumastarfið?

PGA Golfkennari og Chairmans member í Herbalife.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Ed Harris.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Tungudalur.

Skondnasta upplifun þín?

Að sitja ofan á krókóðil með hendurnar á trýninu og knúsa tígrisdýr.

Aðaláhugamálið?

Hreyfing og útivera.

Besta vefsíðan að þínu mati?

Kvikmynd.is ef manni vantar að brosa og hlæja af óföllum annarra.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Váá, man það ekki. Líklega löggva eða eitthvað svoleiðis.

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Hmmm líklega að ég sé skipulagður.

En helsti löstur?

Framkvæmi á þess að hugsa.

Besta farartækið?

Fætturnir.

Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?

Föstudagurinn langi.

Til hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Leit alltaf og lít enn upp til Pabba

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Er stoltur af foreldrum mínum að skýra mig Auðunn.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Öllum tímum nema snemma á morgnana.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

100% bogamaður.

Lífsmottóið þitt?

„Ef hægt er að leysa vandann þarf ég ekki að hafa áhyggjur. Ef engin lausn er til þjónar heldur engum tilgangi að hafa áhyggjur“ Dalai Lama.

Ekki hættur í pólitík

„Það er rétt að þetta var djöfulleg útkoma. Það eru sjálfsagt nokkrar ástæður sem virka á þennan veg. Það má segja að allt hafi lagst gegn mér í þessu prófkjöri,“ segir Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður sem bauð sig fram í 1. sæti á lista Framsóknarflokksins í NV-kjördæmi fyrir alþingiskosningar en hlaut ekki náð hjá Framsóknarmönnum. Hann segir úrsögn sína úr flokknunum fyrir síðustu kosningar ekki hafa haft eins stór áhrif á árangur sinn í prófkjörinu líkt og hann hefði haldið. Hann telur eina ástæðuna fyrir slæmu gengi hafa verið hve hann kom seint inn í prófkjörsbaráttu flokksins. „Ég kom mjög seint til leiks og hafði því lítið ráðrúm til að safna liði eða ræða við

fólk. Aðrir frambjóðendur voru þá búnir að fá stuðning frá öðrum flokksmönnum,“ segir Kristinn. „Í öðru lagi voru einhverjir ekki sáttir við mig þegar ég fór úr flokknum, en samt heyrði ég ekki mikið um það. Það var eiginlega minna en ég átti von á og er kannski minni skýring en ætla mætti,“ segir Kristinn H., og nefnir tvær ástæður til viðbótar. „Annars vegar var víðast hvar mjög léleg þátttaka. Ég hef ekki staðfestar tölur eftir svæðum en eftir því sem ég kemst næst hefur hún kannski verið um helmingur, nema í Skagafirðinum þar sem hún virðist hafa verið mjög góð,“ segir Kristinn H. Hann segir hlut Skagfirðinga á kjörskrá vera mjög háan innan Framsóknar-

flokksins í kjördæminu og það séu jafn margir á kjörskrá í Skagafirði og á öllu Vesturlandi og tvöfalt fleiri en á Vestfjörðum. „Þó íbúafjöldi í Skagafirðinum sé aðeins rúmlega helmingurinn af því sem er á Vestfjörðum og fjórðungur af íbúafjölda Vesturlands. Í fyrri prófkjörum hef ég fengið mjög lítið fylgi í Skagafirði og þeir hafa oftast kosið sinn mann og sleppt mér, mér virðist það ekki hafa breyst í þessu prófkjöri,“ segir Kristinn. Hann segist ætla að meta framhaldið í róleghetum. „Ég er nú ekki hættur í

pólitík, það er alveg öruggt mál, en ég hef ekki hugleitt sérframboð. Eins og staðan er þá held ég mig við það sem

ég ákvað, að ganga til liðs við Framsókn,“ segir Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður. – *birgir@bb.is*



Iðnaðarráðherra vill aukið afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum

Fullur vilji er hjá Össuri Skarphéðinssyni iðnaðarráðherra að stuðla að auknu öryggi á afhendingu raforku á Vestfjörðum, ef marka má svar hans við fyrirspurn Einars Kristins Guðfinnssonar, alþingismanns á alþingi í síðustu viku. Einar Kristinn vakti athygli á að öryggisleysi á afhendingu raforku væri mjög kostnaðarsamt fyrir heimilin, fyrirtækin og atvinnulífið á Vestfjörðum. „Ég hef undir höndum tölur sem segja að samfélagslegur kostnaður sem bitnar með beinum hætti á Vestfirðingum af þessu öryggisleysi, nemi hundrað milljónum króna á ári, og á 20 árum meira en tveir og hálfur milljarður, sem má segja að sé kostnaður sem lendi að ósekju á

Vestfirðingum. Þetta er ástand sem ekki er hægt að búa við og ríkisvaldinu ber þess vegna að koma að þessu. Að minnu mati væri áhugaverðasta og besta framtíðarlausnin sú að styðja við uppbyggingu á Hvalárvirkjun. Það yrði besta og mesta lausnin fyrir Vestfirðinga til að tryggja afhendingaröryggi,“ segir Einar Kristinn. Iðnaðarráðherra tók vel í fyrirspurn Einar Kristins og sýndi því jákvæðan skilning. Skýrsla um afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum er ekki tilbúinn en iðnaðarráðherra sagði drög vera komin að henni þar sem búið er að leggja upp helstu atriði og leggja mat á þessa þætti. „Ég legg áherslu á það að lausnin hjá



Ísafjörður.

okkur getur ekki falist í einhverjum bráðabirgðalausnum, heldur verðum við að fá varanlega lausn á þessu vandamáli

okkar. Annar munum við aldrei geta búið til samkeppnisfært atvinnulíf á Vestfjörðum og ekki laðað til okkar fleiri atvinnutæki-

færi,“ segir Einar Kristinn Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í NV-kjördæmi. – *birgir@bb.is*

Starfsumhverfi frístundafiskibáta styrkt

Sjávarútvegsráðherra fær heimild til að leyfa takmarkaðar veiðar í fræðsluskyni, samkvæmt frumvarpi sem sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd lagði fram á Alþingi. Frístundaveiðar við Ísland hófust að marki á Vestfjörðum árið 2006. Veiðarnar hafa bæði verið stundaðar á venjulegum fiskibátum sem í annan tíma stunda veiðar í atvinnuskyni og sérstökum frístundabátum sem hafa verið smíðaðir sérstaklega í

þessum tilgangi. Samkvæmt frumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar verður heimilt, án sérstaks leyfis, að stunda fiskiveiðar í frístundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar má stunda með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar en samkvæmt gildandi lögum er einungis heimilt að stunda veiðarnar með handfærum. Afla sem veiddur er samkvæmt þessu ákvæði er einungis heimilt

að hafa til eigin neyslu og er óheimilt að selja eða fénýta hann á annan hátt. Þá verður sjávarútvegsráðherra heimilt að ákveða árlega að á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta teljist afli ekki til aflamarks eða krókaflamarks, enda sé afliinn einungis fénýttur til að standa straum af kostnaði við mótshaldið. Heildarveiði þessara báta var um 200 tonn árið 2007 og var þorskaflí þar af um 180 tonn. Árið 2008

var heildaraflinn um 250 tonn og var þorskaflí þar af um 220 tonn. Fjöldi skráðra frístundabáta er nú 43 en ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um fjölda annarra báta sem selja ferðir í sjóstangaveiði. Í samstarfi samgönguráðuneytisins og sjávarútvegsráðuneytisins og stofnana ráðuneytanna varð til skilgreining á fiskibátum til þessara nota og eru þeir skráðir sem slíkir. Frístunda-

fiskibátur er að jafnaði minni og meðfærilegri en almennir handfærabátar og allur búnaður bátsins við það miðaður að þeir sem nota bátinn séu aðilar sem hafa ekki langa viðdvöl um borð í bátnum. Ekki var þó í neinu slakað á öryggiskröfum við smíðina enda bátarnir smíðaðir samkvæmt þeim kröfum og reglum sem almennt gilda um smíði íslenskra fiskiskipa. – *birgir@bb.is*

Samkeppninn í verktaka seminni hörð en heilbr

– segir Hermann B. Þorsteinsson, einn af eigendum Vestfirskra verktaka ehf. á Ísafirði

Hermann B. Þorsteinsson (Hermann Björn), múrara-meistari og framkvæmdastjóri á Ísafirði, er atorkusamur maður. Hann er fæddur og uppalinn á Flateyri og byrjaði barnungur að vinna eins og algengt var í sjávarplássunum fyrir vestan og raunar miklu víðar. Á unglingsaldri fór hann suður og byrjaði þar að læra múrverk, kom síðan til Ísafjarðar átján ára gamall og hefur átt þar heima síðustu 22 árin. Fertugsafmælið biður hans á komandi hausti – hann er í meyjarmarkinu þó að ekki sé hann kannski neitt smámejarlegur að vexti og ásýnd.

Ásamt Mikka, leitarhundinum sínum, varð Hermann landskunnur fyrir sameiginlega framgöngu þeirra félaga í björgunarstörfunum eftir snjóflóðin hörmulegu í Súðavík og á Flateyri á sínum tíma. Núna er Hermann einn af þremur eigendum Vestfirskra verktaka ehf. á Ísafirði, sem hann stofnaði ásamt fleirum haustið 2003.

Eiginkona Hermanns er Jenný Elfa Árnadóttir, upprunnin í Súðavík. Synir þeirra eru tvíburarnir Þorsteinn Ýmir og Patrekur Darri, tíu ára gamlir. Fjölskyldan er búsett að Fífutungu 7, í nýjasta hverfinu inni í firði á Ísafirði, en það er hugmyndum og framtakssemi Hermanns Þorsteinssonar einna mest að þakka að það byggðarhverfi varð að veruleika.

Meðal stærri verka sem Vestfirskir verktakar ehf. hafa annast eða tekið þátt í má nefna byggingu nýja geymsluhússins fyrir Byggðasafn Vestfjarða í Neðsta-kaupstað á Ísafirði, en það var eitt af fyrstu verkefnum fyrirtækisins. Einnig má nefna nýbyggingu Grunnskólans á Ísafirði, endurbyggingu bensinstöðvar N1 við Pollgötu á Ísafirði og byggingu bensinstöðva fyrir Orkuna og ÓB. Fyrirtækið hefur tekið þátt í smíði brúa inni í Djúpi, í Bolungarvík og á Hellisheiði syðra. Á sínum tíma beitti Hermann sér fyrir því, eins og hér var nefnt, að byggt yrði upp nýtt íbúðarhverfi á sléttlendinu inni í firði á Ísafirði, Tunguhverfi, þar sem hann og félagar hans hafa byggt nokkur hús. Þeir hafa gert upp nokkur hús og þar á meðal keyptu þeir Bræðratungu sem áður var vistheimili og breyttu húsinu í íbúðir.

„Við höfum komið að ótal-mörgum öðrum verkum“, segir Hermann, „og bara á síðustu tveimur árum hafa verkefnin hjá

okkur verið eitthvað um átta hundruð talsins, bæði stór og smá en vissulega langflest smá. En sum hafa verið mjög stór, bæði bygging skólahússins á Ísafirði og eins brúarsmíðin inni í Djúpi.“

Byrjaði ungur að vinna

Eins og áður sagði er Hermann upprunninn á Flateyri. Faðir hans er Þorsteinn Guðbjartsson, venjulega kallaður Steini á Hesti, frá Efrihúsum á Hesti í Öfundarfirði. Móðir Hermanns hét Sigrún Bernódusdóttir.

„Hún dó þegar ég var ellefu ára, þannig á uppvaxtarárunum þurfti maður svolítið að sjá um sig sjálfur. Við vorum þrjú systkinin, ein hálf systir sem þá var tólf ára og albróðir sem var þriggja ára. Það kom talsvert í hlut okkar eldri systkinanna að hjálpa til á heimilinu og aðstæðurnar voru kannski svolítið öðruvísi en gengur og gerist.

Ég byrjaði mjög snemma að vinna, byrjaði að hjálpa til í sláturhúsi þegar ég var sjö-átta ára

gamall. Á sumrin var ég mikið í sveit hjá Halldóri Mikkaelssyni í Breiðadal þangað til vinnan í sláturhúsinu tók við á haustin. Þegar ég komst á unglingsár fór ég að vinna við að beita og í frystihúsinu og fór síðan á sjó.“

Hermann var einn vetur í Héraðsskólanum á Reykjum í Hrútafirði og síðan tvo vetur í Héraðsskólanum í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Eftir það fór hann til Reykjavíkur og byrjaði ári síðar eða 1986 að læra múrverk hjá Helga Rafnssyni múrara-meistara. Um páskana 1987 fluttist hann aftur vestur, settist að á Ísafirði og hélt áfram í múraranáminu hjá Elíasi Skaftasyni og kláraði það 1990.

Kirkjan sameinaði múrarana

„Strax upp úr því fór ég að vinna sjálfstætt sem múrari, stofnaði fyrirtæki sem hét Múrkraftur og vann einn í því fram til 1995. Jafnframt var ég í meistaranámi og útskrifaðist það sama ár. Þá tókum við okkur saman fjórir múraranir hérna á Ísafirði, auk mín þeir Elías Skaftason, Örn Sveinbjarnarson og Jón Þorláksson, en við höfðum allir verið að vinna sjálfstætt hver um sig.

Á þessum tíma var verið að byggja kirkjuna á Ísafirði og við tókum okkur saman og leystum múrverkið við hana afhendi. Upp úr því stofnuðum við saman fyrirtækið Garða-múr, þannig að segja má að kirkjan hafði sameinað okkur. Auk múrverks var Garða-múr með hellulagnir og fleira sem snýr að frágangi garða. Það fyrirtæki var starfandi fram til ársins 2000. Þá fluttist Örn til Reykjavíkur og við splittuðum félaginu upp en ég fór aftur að vinna einn í Múrkrafti, sem ég hafði átt allan tímann, með þeirri undantekningu að Pétur Albert Sigurðsson var með mér í hálfannað ár, og gerði það fram á árið 2003.“

Vestfirskir verktakar ehf. verða til

„Þá um haustið tókum við okk-

ur saman þrír iðnaðarmenn, auk mín smiðirnir Garðar Sigurgeirsson í Súðavík og Sveinn Ingi Guðbjörnsson á Ísafirði, og stofnuðum Vestfirskra verktaka ehf. Segja má að þar hafi runnið saman starfsemi þriggja fyrirtækja, Múrkrafts, Eiríks og Einars Vals hf. á Ísafirði þar sem Sveinn Ingi starfaði áður, og GS trésmíði sem Garðar rak í Súðavík.“

Bækistöðvar Vestfirskra verktaka ehf. eru á Skeiði á Ísafirði. Markmið fyrirtækisins er starfsemi á sviði nýbygginga, viðhalds og endurbóta ásamt því að útvíkka þessa atvinnugrein. Hermann segir að þegar hann líti til baka virðist sem hann sé mikil félagsvera, þar sem hann átti jafnan frumkvæðið að sameiningarviðræðum við aðra iðnaðarmenn. Starfssvið hans hjá Vestfirskum verktökum er að sjá um allan daglegan rekstur og hann hefur alla tíð haft ákveðnar skoðanir hvert stefna skuli.

„Sennilega hef ég bara verið frekastur og með sterkustu hugmyndirnar um það hvernig þetta ætti að ganga fyrir sig og séð mikið til um rekstur fyrirtækisins. Félagar mínir hafa einkum séð um stærri verkefni og stjórnað þeim. Þetta hefur einfaldlega atvikast þannig.“

Markmiðið var tíu starfsmenn

– Hvernig hefur gengið þessi bráðum sex ár sem liðin eru frá stofnun Vestfirskra verktaka?

„Þetta hefur í rauninni gengið ótrúlega vel enda höfum við alltaf haft mjög góða starfsmenn. Þegar við fórum af stað var markmiðið að mannskapurinn yrði eitthvað í kringum tíu manns. En sökum þess að mikið var að gera í byggingageiranum um allt land og vegna þess að okkur fannst að sú uppsveifla næði ekki alveg nógu vel hingað vestur, þá ákváðum við að taka þátt í stærri verkefnum til að reyna að skila peningum inn í þetta litla hagkerfi okkar hér fyrir vestan.“

– Hver hefur þróunin verið í starfsmannafjölda á þessum árum?

„Við byrjuðum með kringum tíu manns en þegar mest var vorum við með 43 í vinnu yfir sumartímam þegar við vorum samtímis í Grunnskólanum og við brúargerðina inni í Djúpi. Núna eru 24 starfandi hjá fyrirtækinu.“

Óttast að reynslan tapist

– Hvaða áhrif hefur hrunið og kreppan í þjóðfélaginu á starfseminu hjá ykkur?

„Mestu áhyggjurnar sem ég hef af þessu ástandi eru þær, að sú þekking og reynsla sem búið er að vera að byggja upp í þessum geira síðustu fjögur-fimm árin og raunar lengur muni hverfa. Áhyggjuefnið er að okkur takist ekki að halda þeim starfsmönnum sem búið er að þjálfu upp og hafa verið í þessum slag með okkur, þannig að þegar atvinnulífið fer að komast í almennilegan farveg á ný, þá verðum við hér á þessu svæði ekki tilbúnir að takast á við þau verkefni sem þá koma til sögunnar og krefjast mikils mannafla.

Við getum lítið á vélsmiðjurnar hér á svæðinu sem dæmi. Þegar útgerðin var hér í blóma voru hér margar stórar og sterkar vélsmiðjur. Í dag eru þær fáar og fálíðaðar og þegar einhverjar alvarlegar bilanir eða önnur stór verkefni koma upp þarf iðulega að kalla eftir aðstoð úr öðrum landshlutum.“

Næsti vetur kvíðvænlegur

– Hvernig er verkefnastaðan um þessar mundir og í fyrirsjáanlegri framtíð?

„Verkefnastaðan er ekki góð um þessar mundir. Allir opinberir aðilar halda mjög að sér höndum og einstaklingar eru miklu síður tilbúnir að ráðast í framkvæmdir en áður.

Yfirleitt hefur verið nóg að gera yfir sumartímam og kannski er komandi sumar ekki sérstakt áhyggjuefni miðað við veturinn sem þá tekur við. Þá mun fyrst reyna alvarlega á það hvað hægt er að gera til að halda mann-

Verktakastarf- heilbrigð

skapnum og þekkingunni. Eins og nú horfir er útlitið ekki bjart varðandi það að halda dampi næsta vetur.“

Heilbrigð samkeppni

– Er og hefur verið hörð samkeppni milli verktaka hér á svæðinu?

„Já, og ég held að hún hafi bara verið mjög heilbrigð. Sem betur fer hafa gegnum tíðina jafnan verið hér tvö ef ekki fleiri fyrirtæki í þessum geira, sem hafa getað keppt um stærri verkefni í heilbrigðri samkeppni sem hefur haldið mönnum við efnið.

Það væri slæmt ef hlutirnir þróuðust þannig að samkeppnin yrði minni. Þá er hætt við að menn sofni á verðinum, því að ákveðið aðhald er nauðsynlegt. Við höfum reynt að standa okkur vel og skila af okkur góðum verkum. Þegar sömu aðilarnir leita til okkar aftur og aftur finnst okkur það vera besta auglýsingin og mesta viðurkenningin á því að við höfum verið að gera vel. Við gerum okkar besta til að kunnarnir vilji leita til okkar aftur.“

Alltaf verið bjartsýnn

– Nú má búast við því að Ísland risi fyrr eða síðar á ný upp úr efnahagshruninu. Hvernig leggst framtíð vestfirskra byggða í þig? Atvinnuleysi er um þessar mundir mun minna á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum. Hvert heldur þú að framhaldið verði?

„Ég hef oft talað um Vestfirði og svæðið hérna á þann veg, að við þurfum að gæta þess að halda okkar efnahagskerfi virku. Menn þurfa að standa saman og vinna saman og ná hér inn verkefnum. Ég hef alltaf verið bjartsýnn hvað varðar okkar hlut hér á Vestfjörðum, bæði varðandi atvinnu og annað. Ég held að við séum einfaldlega þannig gerð að við finnum okkur alltaf eitthvað til. Þeir sem ætla sér á annað borð að búa hér og skapa hér lífsviðurværi sitt finna sér alltaf eitthvað til að bjarga sér.

Þegar lítið er til baka, þá hefur alltaf verið minna atvinnuleysi

hér á þessu svæði en annars staðar. Auðvitað skýrist það mikið af því að hér hefur verið mikil fólksfækkun. Þegar lítið hefur verið að gera hafa menn leitað annað.

Núna hefur atvinnuleysi vissulega aukist nokkuð hér á svæðinu og það er áhyggjuefni. Á síðasta ári fækkaði ekki fólki á Vestfjörðum eins og hafði verið mörg ár á undan, heldur varð ofurlítill fjölgun. Með vaxandi atvinnuleysi hefur maður áhyggjur af því að þetta fari að snúast við aftur. Ég veit að það er mikið af fólki sem vill flytja hingað á þetta svæði og setjast hér að, en það verður þá að vera atvinna til staðar. Líka hef ég sagt því fólki sem hefur áhuga að flytja, að það verði að vera tilbúið að leggja sitt af mörkum og koma með hugmyndir og hjálpa til að skapa sér sitt umhverfi.“

Áföllin mörkuðu djúp spor

Eitt af því sem Hermann fékkst við í tómstundum um langt árabil var þjálfun leitar- og björgunarhunda enda þrautreyndur björgunarsveitarmaður. Afrek Mikka við leit og björgun eftir snjóflóðin skelfilegu í Súðavík og á Flateyri árið 1995 urðu landskunn.

„Erfiðustu atvikin í lífi mínu eru áföllin miklu í Súðavík og á Flateyri. Þetta voru heimabæir okkar hjónanna beggja. Þetta tók mikið á, því að maður þekkti mjög vel til á báðum stöðum. Segja má að Flateyrarflóðið hafi tekið ennþá meira á mann því að þar náðum við björgunarmenn kannski ekki eins góðum árangri að bjarga fólki á lífi og við náðum þó í Súðavík. Þessir atburðir held ég að hafi markað nokkuð djúp spor í sálartetrinu.“

En lífið heldur áfram. Hermann Þorsteinsson er dugmikill maður og hugmyndaríkur og þrátt fyrir áföll og erfiðleika um stundarsakir heldur hann jafnan ótrauður sínu striki. Hann veit að Vestfirðir og landið allt munu fyrr en síðar rísa á ný úr kreppunni sem um þessar mundir herjar hvað harðast á fólk og fyrirtæki.



Taka 200 milljónir að láni

Ísafjarðarbær hyggur á 200 milljóna króna lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga til fimmtán ára sem tryggt yrði með veði í tekjum sveitarfélagsins. Jón H. Oddsson, fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar, lagði fram erindi þessa efnis og er bókun hans á síðasta fundi bæjarráðs svohljóðandi. „Bæjarráð Ísafjarðarbæjar mælir með að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykki, að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga, að fjárhæð kr. 200.000.000.- til 15 ára,

í samræmi við lánstilboð, sem liggur fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Er lánið tekið til að endurfjármagna skammtímalán Ísafjarðarbæjar við Lánasjóð sveitarfélaga á gjalddaga í mars 2009. Lántaki skuldbindur sig til að ráðstafa láninu til framangreinds verkefnis, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lána-

sjóð sveitarfélaga nr. 150/2006,“ segir í bókun fjármálastjóra.

Þar segir jafnframt að Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, verði veitt fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántökunni fyrir hönd Ísafjarðarbæjar.

birgir@bb.is



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.



Þorlákur Helgason framkvæmdastjóri Olweusar á Íslandi tók þátt í vina kakói Eyrarskjóls.

Útikakó með framkvæmdastjóra Olweusar verkefnisins

Leikskólabörn og starfsfólk leikskólans Eyrarskjóls á Ísafirði stóðu fyrir kakóveislu við eldstæði leikskólans á föstudag. „Vinaútikakó er eitt af verkefnum okkar í Olweusi og er markmiðið að eldri börnin hjálpi yngri, þau hafa einn vin sem þau sjá um og aðstoða af bestu getu. Okkur

finnst líka gaman að tengja saman útikennsluna og Olweus“, segir í frétt frá Eyrarskjóli. Að þessu sinni fengu Eyrarskjólsbúar góðan gest í heimsókn, en Þorlákur Helgason framkvæmdastjóri Olweusar á Íslandi fékk sér kakósopa með þeim.

Eyrarskjól á Ísafirði er fyrsti

leikskólinn til að innleiða Olweusar verkefnið gegn einelti. Þátttaka skólans var tilkynnt í síðasta mánuði en verkefnið hefur verið í notkun í mörgum grunnskólum undanfarin ár og reynslan af því sýnir að umtalsvert dregur úr einelti í þeim skólum þar sem það hefur verið innleitt.

Nefndum fækkað

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að fækka nefndum á vegum sveitarfélagsins. Landbúnaðarnefnd, staðardagskrárnefnd, menningarnefnd og stjórn skíðasvæðis hafa verið lagðar niður eða sameinaðar öðrum nefndum og nefndarmönnum í atvinnumálanefnd hefur verið fækkað úr fimm í þrjá. Með fækkanefnda og nefndarmanna sparar sveitarfélagið þónokkra fjár-

muni en eins og kunnugt er þarf Ísafjarðarbær hagræða fyrir 200 milljónir króna til að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins gangi upp.

Verkefni landbúnaðarnefndar og staðardagskrárnefndar verða færðar til umhverfisnefndar, íþrótt- og tómstundanefnd tekur yfir hlutverk stjórnar skíðasvæðisins og verkefnum menningarnefndar verður skipt á milli íþrótt- og tómstundanefndar,

atvinnumálanefndar og umhverfisnefndar, eftir nánari tillögu bæjarráðs. Samstaða var í bæjarstjórn um þessa breytingu.

Fyrir hafði fulltrúi innan atvinnumálanefndar lagt til að nefndin afsalaði sér launum og ynni nefndarstörfin af hugsjón en eins og kunnugt er hafa kjórnir fulltrúar í fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar samþykkt að þiggja ekki laun fyrir vinnu sína í ár.

Skerða yfirvinnu og segja upp samningum

Enn vantar 77,5 milljónir króna til að ná fram 194,9 milljón króna hagræðingarkröfu fjárhagsáætlunar Ísafjarðarbæjar. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti fyrir helgi að lækka fasta yfirvinnu starfsmanna bæjarins um 10%. Auki hefur verið ákveðið að segja upp aksturssamningum og stefnt er að því að lækka kostnað vegna þeirra um 50%. Lækkun yfirvinnunnar á þó aðeins við eflaun starfsmanna eru undir 250 þúsund krónum á mánuði. Áætlaður sparnaður af skerðingu á fastri yfirvinnu er 4,1 milljón króna og vegna uppsagnar aksturssamninga

5,5 milljónir.

Í fundarbókun kemur fram að hagræðingaraðgerðir skila sér að hluta á árinu 2009 en að fullu á árinu 2010. Þannig myndi lækkun fastrar yfirvinnu um 10% skila 8,2 milljónum króna á árinu 2010 svo dæmi sé tekið. Miðað er við 10% lækkun fastrar yfirvinnu til samræmis við ákvörðun í fjárhagsáætlun 2009 um 10% skerðingu skráðrar yfirvinnu.

Aksturssamningum verður öllum sagt upp og þeir sem leggja fram bifreið sína til afnota fyrir Ísafjarðarbæ verða í staðinn að skila akstursreikningum. — *thelma@bb.is*

Framlagið minnk-ar um 14 milljónir

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga minnka um 14 milljónir króna verði elstu bekkirnir á Flateyri og Suðureyri lagðir niður að því er fram kom á síðasta fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Eins og fram hefur komið eru uppi hugmyndir um að flytja efsta stig Grunnskóla Önundarfjarðar og Grunnskólans á Suðureyri til Ísafjarðar. Sú hugmynd hefur ekki lagst vel í foreldra á Flateyri og Suðureyri samkvæmt heimildum Bæjarins besta.

Tillagan er liður í hagræðingarkröfu upp á 200 milljónir króna sem samþykkt var með fjárhagsáætlun sveitarfélagsins í ár. Að því er fram kemur í pistli Gísla Halldórs Halldórssonar varaforseta bæjarstjórnar, sem var birtur á bb.is, skömmu eftir að hugmyndin kom í ljós, var gert ráð fyrir að



Grunnskóli Önundarfjarðar. með flutningi unglingastígsins megi spara 8,7 milljónir á ársgrundvelli á Suðureyri og 16 milljónir á Flateyri.

Skipaðir voru fimm manna vinnuhópar fyrir hvorn stað til að fjalla um tillöguna. Í hvor-um hópi eiga sæti einn kjörinn fulltrúi bæjarins, einn fulltrúi frá Skóla- og fjölskylduskrifstofu, einn fulltrúi foreldra, kennara og einn íbúi án beinna hagsmunatengsla við grunnskólann. Á síðasta bæjarráðsfundi var samþykkt að lengja skilafrest hópanna til 30. mars — *thelma@bb.is*



Varla sér út um gluggann á slökkvistöðinni fyrir flugum.

Flugur herja á slökkviliðið

Ekki eru allir vorboðar af hinu góða eins og slökkviliðsmenn Ísafjarðarbæjar hafa komist að raun um. Vorflugurnar eru snemma á ferðinni og herja nú á slökkviliðið. „Það hefur viðrað vel á svæðinu undanfarna daga og þó við fögnum hlýindum þá erum við ekki svo kátir með fylgifiska blíð-unnar. Flugur í þúsunda-tali herja á okkur og fylla alla glugga slökkvistöðvarinnar. Líkleg skýring er að sjávarþang hefur safnast í sjóvarnargarð sem liggur með slökkvistöðinni“, segir á vef slökkviliðsins. Þar er einnig borin fram sú bön að ef einhver kann gamalt húsráð mætti sá hinn sami hafa samband við strákana á slökkvistöðinni.



Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

Mesti fjöldi fæðinga á Vestfjörðum í fjögur ár

Á síðasta ári fæddust 107 börn á Vestfjörðum sem er mesti fjöldi fæðinga í fjögur ár í fjórðungnum. Upp úr síðustu aldamótum fækkaði fæðingum í fjórðungnum en frá árunum 1991-1999 fæddust á bilinu 120-200 börn. Flestir fæddust í Ísafjarðarbæ í fyrra eða 63 börn, því næst kom Bolungarvík með 17. Í Reykhólahreppi fæddust þrjú börn, fjögur fæddust í Tálknafjarðar-

hreppi, tólf í Vesturbyggð, eitt í Súðavík, Árneshreppi og Kaldrananeshreppi. Tvö fæddust í Bæjarhreppi og þrjú í Strandabyggð.

Eflitið er á landið í heild fæddust 4.835 börn árið 2008, 2.470 drengir og 2.365 stúlkur. Það eru 275 fleiri börn en ári áður, en þá fæddust hér 4.560 börn. Aðeins tvisvar í sögu Íslands hafa fleiri lifandi fædd börn komið í heim-

inn á einu ári, árin 1960 og 1959. Árið 1960 fæddust 4.916 börn og árið 1959 fæddust 4.837. Eins og sést í töflu 1 eru margir af fjölmennustu fæðingarágöngum Íslands frá árunum 1957 til 1966. Fyrir utan það tímabil eru það bara árin 2008 og 1990 sem eru í hópi tíu fjölmennustu fæðingaráganga Íslands, en árið 1990 fæddust 4.768 börn.

– thelma@bb.is

Leggja til jöfnun flutningskostnaðar

Byggðastofnun leggur til að tekin verði upp niðurgreiðsla hluta flutningskostnaðar framleiðslufyrirtækja sem eru í meira en 150 km fjarlægð frá Reykjavík. Niðurgreiðsluprósentan verður mismunandi eftir fjarlægð. „Endurgreiðsla hluta flutningskostnaðar til framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni er án

efa sú leið sem auðveldast er að fara til að jafna samkeppnisstöðu framleiðslufyrirtækja á landinu“, segir í drögum að aðgerðartilögum byggðaaætlunar fyrir árin 2010-2013. Stefnt er að því að hefja undirbúning á næsta ári og kerfið tekið í framkvæmd árið 2013.

Í drögnum að byggðaaætlun-

inni segir: „Með því að taka upp endurgreiðslukerfi á flutningskostnaði til framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni er stigið ákveðið skref í þá átt að koma í veg fyrir að fyrirtæki á landsbyggðinni neyðist til að flytja starfsemi sína á brott af landssvæðum þar sem rekstrarskilyrði eru erfið vegna fjarlægðar frá stærsta

markaðssvæði landsins og aðalútflutningshöfn.

Líkleg langtímaáhrif svona endurgreiðslukerfis eru miklu fremur að fyrirtæki flytji ekki á brott en að fyrirtæki kjósi að flytji starfsemi sína inn á það svæði sem endurgreiðslu nýtur. Það helgast að sjálfsögðu af því að aðeins er gert ráð fyrir að hluti af

flutningskostnaðinum sé endurgreiddur.“

Markmiðið með þessu kerfi er að efla framleiðslustarfsemi, atvinnulíf og fjölga atvinnutækifærum á landsbyggðinni. Lagt hefur verið til að kannað verði reglulega hjá fyrirtækjum á styrkjasvæðinu hversu stór hluti þeirra nýtir sér kerfið.

Æfðu Norðurpóls-göngu á Drangajökli

Hópur Belga dvaldi í síðustu viku á Drangajökli við þjálfun fyrir áætlaða göngu þeirra á Norðurpólinn. Það var ísfrska ferðaþjónustufyrirtækið Borea Adventures sem sá um leiðsögn hópsins á jöklinum. Þjálfun Belgana fölst í því að ganga „the last degree“ eða síðustu gráðuna á Norðurpólnum, sem áætluð er á næsta ári. Rúnar Óli Karlsson,

einn eigenda Borea Adventures segir aðstæður á Drangajökli að mörgu leyti svipaðar og á Norðurpólnum.

„Þetta er óvant fólk og er að prófa að sofa og tjalda í snjó og hvernig það er að reima á sig skóna í nístingskulda. Þetta er að mörgu leyti álíkar aðstæður þó að það sé frekar hlýtt núna,“ segir Rúnar Óli. Hópurinn hóf göng-

una á Steingrímsfjarðarheiði hélt þaðan upp á jökul.

Í hópnum voru hjónin Dixie Dansercoer og Julie Brown sem eru mjög þekkt í „Arctic-bransanum“ og hafa klifið ófá fjöllin og farið í hinar ýmsu svaðilfarir. Þau hafa hlotið verðlaun fyrir heimildarmyndir um fjallaklifur og einnig staðið að útgáfu bóka tengdum þeim geira.



Julie Brown og Dixie Dansercoer.

Bloggið

Aftur til 2007

Það er ekki frumlegheitunum fyrir að fara í tengslum við kosningar þetta árið. [...] Það er bara eins og við séum kominn aftur til ársins 2007. Allt í guddi og ekkert vesen. Eða erum við stödd á árinu 1991? Fara bara krataleiðina, kjósa fyrst og halda meirihluta en skunda svo í Viðey og mynda stjórn með þeim sem var höfuð andstæðingurinn í kosningabaráttunni. Er ekki tími tilkominn að tengja? Það er ekkert 2007 lengur og enn síður 1991. Það eru náungar sem sökkту Íslandi í skuldafen og þeirra aðferðum verður að henda á ruslahauga sögunnar. Það er bara ekki í boði að bjóða upp á sömu gömlu lummurnar. Ég er eiginlega á því að frumvarp Kristins H. Gunnarssonar verði að ná í gegn svo það verði einhver raunveruleg breyting hérna eftir kosningar. Kristinn er glúrin og þekkir þá atkvæðasóun sem getur falist í núverandi kosningakerfi. Með tillögum Kristins gætu línur skerpst og kosningar orðið líkari því sem við þekkjum frá t.d. Danmörku þar sem kosningabandalög eru alþekkt fyrirbæri. Kjósendur eiga heimtingu á að vita hvað þeir eru að kjósa yfir sig.

Grímur Atlason – <http://eyjan.is/grimuratlason>

Íslenska fjárhættuspilið

Það berast fréttir af því að verðir laganna geri spilaborð upptæk vegna þess að fjárhættuspil kunni að hafa verið stunduð á þeim. Því er borið að það sé andstætt íslenskum lögum að þriðji aðili hagnist á fjárhættuspilum. Það er alveg rétt. Ég hef hins vegar aldrei skilið hvernig stendur á því að fjárhættuspil séu yfirhöfuð bönnuð á Íslandi.

Sérstaklega í ljósi þess að Íslendingum hefur t.d. verið leyfilegt að veðja að vild á íslensku krónuna og aðra gjaldmiðla í svokölluðum gjaldmiðlaskiptasamningum. Þar voru veðmálin ekki mæld í þúsundum króna, heldur milljónum eða jafnvel milljörðum króna. Slík veðmál voru hluti af fjárhættuspilinu sem kom íslenskum þjóðinni á kaldan klaka.

Það leiðir hugann að því hvort það verði einhvern tímann upplýst hverjir voru stórtækustu spilararnir í „Íslenska fjárhættuspilinu“ og hvenær verðir laganna muni gera gróða þeirra upptækan.

Baldur Smári Einarsson – <http://vikari.blog.is>

Nýtt bankaráð

Skipun í nýtt bankaráð Seðla-banka hlýtur að vera brot á jafnréttislögum. Hve lengi eigum við konur að trúa því að við séum ekki eins hæfar og karlar? Það þó er sjálfsagt að halda því til haga að hlutfallið snýst við þegar varamennirnir eru skoðaðir. Við megum sem sagt vera með ef þeir veikjast eða deyja. Trúir því annars einhver að á öllu Íslandi séu ekki til nema tvær konur hæfar til að sitja í þessu ráði?

Satt að segja hafði ég vonast til þess að við hefðum lært eitthvað af því að láta tóma karlmenn stjórna landinu. Við hefðum lært af hruninu í haust sem sýndi svart á hvítu fram á að einsleit stjórn fjármála og áhættu hegðun er bæði hættuleg og dýr. Það verður ekki fram hjá því horft að karlmenn hafa stjórnað fjármálum okkar Íslendinga og í gegn um tíðina.

Okkur konunum hefur verið haldið frá fjármálastjórn og m.a. heyrðist sagt að við höfum ekki þá áráðni sem þyrfti. Var það ekki einmitt þessi áráðni sem kom okkur á kaldan klaka?

Matthildur Helga og Jónudóttir – <http://matthildurh.blog.is>



Betur fór en áhorfðist er lyftari fór niður með steinþekju við olíumúlann á Ísafjarðarhöfn.

Steinþekja gaf sig á olíumúlanum

Steinþekja gaf sig á olíumúlanum við Ísafjarðarhöfn í síðustu viku er lyftara var ekið eftir bryggjunni. Engan sakaði er lyftarinn fór niður með steinþekjunni.

Bryggjan er, og hefur verið undanfarin ár, í mjög hrörlegu ástandi og hefur öll umferð verið bönnuð um hana og hafa starfsmenn Ísafjarðarhafnar lokað bryggjunni með gámum og öðrum lausahlutum til að varna því að umferð sé á bryggjunni.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir lengi hafa staðið til að lagfæra bryggjuna eða síðan hann tók við starfi bæjarstjóra sveitarfélagsins. Hann segir endurbætur á bryggjunni ekki vera á áætlun í ár og

biði sveitarfélagið eftir fjármagni af samgönguáætlun til að lagfæra bryggjuna.

Hann segir sveitarfélagið hafa ýtt reglulega á eftir því að fá fjármagn til að lagfæra bryggjuna en illa hafi gengið að koma endurbótum hennar inn á samgönguáætlun. „Við verðum þá að reyna að loka bryggjunni betur og merkja hana og láta þannig fólk vita að það sé hættulegt að fara um hana. Allt gengur út á að tryggja öryggi eins vel og hægt er,“ segir Halldór.

„Málið var til umfjöllunar í ráðuneytinu fyrir um það bil mánuði síðan. Við vitum nokkurn veginn hver kostnaðurinn er og málið er bara í farvegi í sam-

gönguráðuneytinu,“ segir Róbert Marshall, aðstoðarmaður samgönguráðherra, um olíumúlann við Ísafjarðarhöfn en bryggjan er nær ónýtt og er umferð bönnuð á henni vegna hrörlegs ástands hennar. Ísafjarðarbær hefur lengi barist fyrir því að fá bryggjuna inn á samgönguáætlun til að tryggja henni fjármagn til endurbóta en ekki hlotið náð hjá samgönguráðuneytinu. Róbert segir samgönguáætlun fyrir næsta ár fara í vinnslu með haustinu. „Við höfum, vegna efnahagsástandsins, þurft að gera áætlun fyrir árið og þurfum líklegast að gera það líka fyrir árið 2010,“ segir Róbert.

– birgir@bb.is



Bryggjan er í mjög slæmu ásigkomulagi.

Ísafjarðarbæ gert að breyta álagningu fasteignagjalda

Yfirfasteignamatsnefnd hefur kveðið upp úrskurð í kærumáli Kristjáns Ólafssonar gegn Ísafjarðarbæ varðandi álagningu fasteignaskatts á fasteign Kristjáns að Kirkjubóli 4, Ísafirði. Yfirfasteignamatsnefnd féllst að öllu leyti á kröfur Kristjáns og er Ísafjarðarbæ gert að breyta álagningu fasteignaskatts af fasteigninni til samræmis við kröfur Kristjáns þar um, þ.e. að álagningarprósenta fasteignagjalda taki mið af því að um er að ræða fasteign sem nýtt er sem fjárhús til búrekstrar.

Tildrög málsins er þau að á árinu 2007 ákvað Ísafjarðarbær að breyta álagningu fasteignaskatts á fasteign Kristjáns að Kirkjubóli 4 og skattleggja fasteignina á sama hátt og iðnaðarhúsnæði, þar sem álagningarprósentan er allt að 1,32% af álagningarstofni en áður hafði fasteignin verið skattlögð með sama hætti og útihús eða mannvirki á bújörðum þar sem álagningarprósentan er allt að 0,5% af álagningarstofni. Kristján vildi ekki una þessari breytingu og fór lögmaður hans, Björn Jóhannes-

son, hrl., fram á það við bæjarráð Ísafjarðarbæjar að álagningunni yrði breytt til fyrra horfs en því hafnaði bæjarráð eftir að hafa áður leitað álits bæjarlögmanns. Niðurstaða bæjarlögmanns Ísafjarðarbæjar var hins vegar á þá leit að breyta ætti skattlagningunni til fyrra horfs. Bæjarráð og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ákváðu hins vegar að fara ekki ekki áliti bæjarlögmanns síns. Lögmaður Kristjáns kærði málið þá til yfirfasteignamatsnefndar sem nú hefur fallist á kröfur Kristjáns. Í úrskurði Yfirfasteignamatsnefndar segir m.a.

„Ekki er ágreiningur um að fasteign kæranda að Kirkjubóli 4 sé nýtt vegna sauðfjáreignar hans. Í kærnu segir að kærandi sé þar með um 250 fjár sem ekki hefur verið mótmælt af hálfu

Ísafjarðarbæjar. Samkvæmt staðfestingu frá Bændasamtökum Íslands hefur kærandi fengið beingreiðslur vegna sauðfjárbúskapar á jörðinni. Með hliðsjón af framanrituðu telur Yfirfasteignamatsnefnd að sauðfjárbúskapur kæranda að Kirkjubóli 4 í Ísafjarðarbæ sé í þeim mæli að um landbúnað sé að ræða sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 1160/2005 og að fjárhúsið tilheyri þeim búrekstri. Að mati nefndarinnar ber samkvæmt því að skattleggja fasteignina samkvæmt alíð 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 meðan þar er búrekstur í þeim mæli sem nú er.“

Björn Jóhannesson hrl., lögmaður Kristjáns, segir aðspurður að niðurstaða Yfirfasteignamatsnefndar komi sér ekki óvart. Nefndin hafi í ítarlegum og vel

rökstuddum úrskurði sínum tekið að öllu leyti undir röksemdir umbjóðanda hans. Hins vegar hafi það komið Birni mjög á óvart að bæði bæjarráð og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hafi ákveðið að hunsa álit bæjarlögmanns í málinu og það án þess að málið hafi fengið nokkra umfjöllun á fundi bæjarstjórnar og það þótt fullt tilefni hafi verið til, þar sem verið var að víkja frá áliti bæjarlögmanns. Málið hafi runnið athugasemdalaust í gegnum bæjarstjórn, án þess að nokkur bæjarfulltrúi hafi andæft. Það sé mjög bagalegt að einstaklingar, í þessu tilviki umbjóðandi hans, hafi þurft að leggja út í mikinn kostnað til að ná fram rétti sínum, en hjá þeim kostnaði hefði mátt komast, t.d. ef bæjaryfirvöld hefðu farið eftir álitsgjafa sínum.

Kom bæjarstjóra á óvart

„Hún kom mér á óvart því þetta er iðnaðarhúsnæði á stað sem samkvæmt skipulagi er blönduð starfsemi,“ segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, um þá ákvörðun Yfirfasteignamatsnefndar að álagning fasteignaskatts á fasteign Kristjáns Ólafssonar að Kirkjubóli 4, á Ísafirði, skuli vera til samræmis við kröfur Kristjáns þar um, þ.e. að álagningarprósenta fasteignagjalda taki mið af því að um er að ræða fasteign sem nýtt er sem fjárhús til búrekstrar.

Bæjarlögmaður Ísafjarðarbæjar var fenginn til að gefa umsögn á kröfum Kristjáns og var álit hans samdóma áliti Yfirfasteignamatsnefndar, en Ísafjarðarbær ákvað ekki að fara eftir áliti bæjarlögmannsins.

Halldór segir umsögn bæjarlögmanns einungis vera álit. „Við töldum álagningu fasteignarinnar ætti að miða við að hún sé iðnaðarhúsnæði en ekki bújörð en Yfirfasteignamatsnefnd hefur komist að annarri niðurstöðu,“ segir Halldór.

Fiskvinnslan ehf. með útibú í Súðavík

Fiskvinnslan ehf., í Hafnarfirði er að opna útibú við Njarðarbraut 14 í Súðavík. Að sögn Gunnars Bjarka Finnbogasonar, annars eiganda fyrirtækisins, er ráðgert að vinnslan hefjist eftir páska. Hann segir fyrirtækið hafa keypt allan fisk af ferðaþjónustufyrirtækinu Sumarbyggð í Súðavík og hafi aflinn verður fluttur til Hafnarfjarðar til vinnslu. Flutningskostnaðurinn er hins vegar það mikill að það borgar sig að vinna aflann í Súðavík og flytja afurðirnar suður. „Svo er ég einnig að kaupa fisk af fleiri stöðum á Vestfjörðum. Þess vegna er mjög sniðugt að vinna fiskinn

þar sem hann er keyptur,“ segir Gunnar sem hóf rekstur fyrirtækisins árið 2003. Útibúið í Súðavík er það fjórða í röðinni hjá Fiskvinnslunni ehf.

Fyrirtækinu vantar starfsfólk í Súðavík og segir Gunnar stöðugildin geta endað í fjórum til fimm en hann ætli sér að byrja á þremur starfsmönnum fram á sumarið. „Ég er búinn að ráða starfsmann sem er í vinnu núna við að gera húsnæðið klárt. Hann byrjaði 1. mars á breytingunum og er því langt kominn með þær,“ segir Gunnar sem rekur fyrirtækið ásamt eiginkonu sinni Grétu Hrund Grétarsdóttur.

Vorið er komið

Hvíldu bílinn og farðu út að hjóla



TREK NAVIGATOR 2.0 WSD



TREK 4300 DISC



Winther 447-14

hjól - hjálmar - varahlutir - hjólaviðgerðir

HAFNARBÚÐIN

smáar

Par með barn á leiðinni og lítinn stilltan hund sem gæltir ekkert, bráðvantar snyrtilegt húsnæði til leigu sem allra fyrst. Erum reglusöm og skilvís. Uppl. gefur Herdís í síma 869 3111.

Til sölu er Ford Explorer Sport Track árg. 2002, ekinn 111 þús. km. Ekkert áhvilandi. Tilboð óskast. Á sama stað er til sölu VW Polo árg. 2000, ekinn 109 þús. km. Vetrar-og sumardekk á felgum fylgja. Ekkert áhvilandi. Tilboð óskast. Uppl. í síma 867 0361.

Er að byrja að búa og vantar allar muðlur s.s. þvottavél og ísskáp, helst ódýrt eða gefins. Uppl. í síma 869 3111.

Kaupi bíla til niðurrífs. Uppl. í síma 825 2173.

Uppþvottavél í góðu ásigkomulagi óskast. Upplýsingar í síma 867 6657.

Óska eftir 20" stelpuhjóli. Á sama stað er til sölu þjóðbúningur fyrir fermingarstráka. Uppl. í síma 898 6328.



Hér er dæmi um brotajárn frá Suðureyri. Kaffivél, garðstóll, baðkar fullt af grjótmulningi ofl.

Slæm flokkun á gámasvæðum

„Þetta er alveg magnað. Við erum ekki alveg að trúa því að fólki sé alvara með þetta“ segir Vernharður Jósefsson, stöðvarstjóri sorpbrennslustöðvarinnar Funa í Engidal í Skutulsfirði, um flokkun á gámasvæðum í Ísa-fjarðarbæ. Hann segir flokkun sorps í Ísa-fjarðarbæ vera mjög slæma og töluvert vanta upp á metnað íbúa við flokkun sorps.

„Við höfum verið að kíkja á gámana annað slagið og það er ekki hægt að segja að fólki sé að setja einhvern metnað í að hafa flokkunina í lagi. Reyndar er þetta ágætt við Funa en þar er starfsmaður við gámana. Á hinum stöðunum er þetta alveg út úr korti. Sérstaklega á Flateyri og á Suðureyri. Það skiptir engu máli hvernig gámarnir eru merktir,

það fer bara allt í þá,“ segir Vernharður.

Nefnd um framtíðarskipan sormála í Ísa-fjarðarbæ er að störfum og segir Vernharður það vera sjálfðæmt hvort nefndin hafi tekið afstöðu til framtíðar gámasvæðanna. „Ég held að þetta dæmi sig sjálft. Við erum komin með fimmtán ára reynslu á þetta form þ.e. að reiða okkur á að

almenningur og fyrirtæki flokki rétt, það er bara einfaldlega ekki að gefast vel. Þó er það eins og alltaf að þorri fólks er að gera þetta rétt en samt of stór hluti sem virðist engu skeyta um flokkunarleiðbeiningar. Ég hef sjálfur lagt það til við nefndina að gámasvæðunum verði lokað og fundin önnur úrræði“ segir Vernharður. —birgir@bb.is



Í tilefni 50 ára afmælis síns, tekur Kristín Þórarins á móti gestum á Hótel Ísa-firði, laugardaginn 28. mars kl. 16:00.

Millistéttin borgi

Stakkur skrifar

Pólitíkin tekur á sig skýrari mynd eftir því sem nær liður kosningum. Ljóst er að hugmyndum um aðild að Evrópusambandinu verður varpað fyrir róða og fleiri Norðmenn ráðnir til að stjórna á Íslandi. Engu líkara er en að Gamli Sáttmáli sé kominn í fullt gildi. Spaugstofan hafði rétt fyrir sér þegar þeir á spaugilegan hátt voruðu við norsku innrásinni. Að vísu gerðu þeir ekki ráð fyrir því að fyrst og fremst yrði um að ræða þá sem stæðu yst á vinstri kantinum í pólitíkinni. Og stýrivaxtalækkun er æðislega góð ef það er norskur hagfræðingur sem unnið hefur fyrir stórgroðafyrirtæki í Bandaríkjunum sem heldur um stýritaumana.

Annað stórmál er í uppsiglingu. Hækka skal skatta á allt hátekju-fólkið, sem í raun er fólki sem varið hefur drjúgum tíma ævi sinnar í nám og þarf að borga skuldir og standa skil á því sem á það er lagt. Millistéttin hefur lengi verið skotmark stjórnmálamanna. Fólkið, sem vill standa skil á sínu og fá að vera í friði með sitt, það skal nú borga. Þegar til þess er litið að þetta er gjarnan hópurinn sem hefur gætt að sínu, keypti ekki tugmilljóna króna sumarbústaði eða íbúðir og einbýlishús á bilinu 50 til 150 milljón króna virði með myntkörfulánum frá bönkum, sem stýrt var af fólki, sem hafði ekki jarðsamband frekar en illa farinn eiturfjafnikill, fólki sem hélt að veröldin snerist um þeirra æðislegu hugmyndir um að verða ríkt á kostnað einhvers annars.

Hvers á þetta fólki að gjalda sem bjó að sínu, greiddi lánin sín og

fjárfesti ekki eins og fikill á fylleri? Á það að gjalda þess að hafa hagað sér skynsamlega? Á það að gjalda þess að hafa tapað sparnaði sínum í formi hlutabréfa og peningamarkaðssjóða og séreignar-lífeyrissparnaði? Eða á það gjalda öfundarpólitíkur, sem samt ætlar að leggja á það skatta til þess að þeir sem af fullkominni vit-leysu og heimsku fjárfestu í húsnæði, sumarbústöðum og bílum fyrir meðal annars erlend lán, fái að halda ruglfjárfestingunni? Löngu er komin tími til að stjórnmálamenn fari að hugsa skýrt.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki úr háum söðli að detta eftir afleit tók sín á bankahruninu, þar sem valinn var verst kosturinn hverju sinni. En Samfylkingin sat þar líka og hafði bankamálaráðherra, sem virtist lítið vita hvað var að gerast í þessum mikla hildarleik. Hvernig leyfir núverandi forsætisráðherra sér að tala eins og hann gerir, berandi ábyrgð á kolröngum viðbrögðum við bankahruninu sem ráðherra ríkisstjórnarinnar sem bar alla ábyrgð á því að bregðast rétt við og brást á öllum vígstöðvum.

Það er ekki sérlega gæfulegt fyrir Ísland og Íslendinga að vera nú komnir undir norska stjórn á ný og þurfa að berjast upp á nýtt fyrir sjálfstæði sínu. Millistéttin á Íslandi sem ekkert gerði af sér mun spyrja hvað hún hafi til saka unnið að verðskuldar það að núverandi ríkisstjórn hlaupi undan merkjum og feli útlendingum að taka ákvarðanir í blóra við stjórnarskrána. Er ekki komið mál til að lofta út og fara að gera eitthvað í stað þess að ýta vandanum á undan sér og yfir á aðra?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Gistinóttum fjölgaði um 6%

Gistinóttum fækkaði í öllum landshlutum í janúar nema á sam-anlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða þar sem þeim fjölgaði um 6% miðað við fyrsta mánuð ársins í fyrra. Gistinætur á hótélum í janúar voru 54.800 en voru 58.500 í sama mánuði árið 2008. Hlutfallslega fækkaði mest á Austurlandi úr 1.400 í 650 eða um 54%. Gistinætur á Suðurlandi voru 2.700 í janúar og fækkaði um 10% frá fyrra ári, á Norðurlandi voru þær 1.700 sem er 6% minna en í janúar 2008. Gistinóttum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði einnig um 6%, voru 45.400 samanborið við 48.200 í janúar 2008. Fækkun gistinátta á hótélum í janúar má eingöngu rekja til Íslendinga, gistinóttum þeirra fækkaði um 33%, en gistinóttum útlendinga fjölgaði um 6% milli ára.

Athygli skal vakin á því að hér er eingöngu átt við gistinætur á hótélum, þ.e. hótélum sem opin eru allt árið. Til þessa flokks gisti-staða teljast hvorki gistiheimili né hótél sem eingöngu eru opin yfir sumartímann.



Lambafille m/fitu
Kjötborð
2.799 kr/kg
Verð áður 3.998 kr/kg

30% afsláttur

Gerðu góð kaup!



Svínahnakki, úrb.
Kjötborð
998 kr/kg
Verð áður 1.698 kr/kg

41% afsláttur



Gordon Bleu
m/gráðaostafyllingu
Kjötborð
1.189 kr/kg
Verð áður 1.698 kr/kg

30% afsláttur



Lambaframhryggjabitar
Kjötborð
1.577 kr/kg
Verð áður 2.390 kr/kg

34% afsláttur



Kjúklingabringur, skinnlausar
1.993 kr/kg
Verð áður 2.975 kr/kg

33% afsláttur



Ysubitar
roðlausir og beinlausir
599 kr/kg

Lausfryst ýsa
roðlaus og beinlaus
599 kr/kg



Myllan skúffukaka
358 kr/stk.
Verð áður 398 kr/stk.

33% afsláttur



Grillaður kjúklingur
franskar og 2l Coke
1.298 kr.
Tilboðið gildir fimmtudag og föstudag

33% afsláttur

Gildir 26. - 29. mars
Birt með fyrirvara um prentvillur

Samkaup **úrval**

ÍSAFJÖRDUR



Brot úr fortíðinni

Guðmundur Halldórsson, fyrrum formaður Eldingar, kom fær-andi hendi til blaðamanns Bæjarins besta fyrir skemmstu og færði honum ljóð eftir Heiðar E. Geirdal. Hann er, eins og sjálfsagt margir vita, bróðir skáldkonunnar Höllu á Laugabóli en bók um ljóð og líf hennar kom út um jólin. „Þetta var mjög merk kona og ég man að það var mikið talað um hana þegar ég var barn. Ljóð eftir hana hafa verið gerð ódauðleg við lög Sigvalda Kaldalóns en hún var við það að falla í gleymsku. Þess vegna er ég afar þakklátur fyrir og hrifinn af því framtaki Guðfinnu (Hreiðarsdóttur innskot blaðamanns) að hafa gefið út þessa bók“, segir Guðmundur. Hann minnir á að Halla og Heiðar voru ekki þau einu sem fengu skáldagenið í arf en bróðir þeirra var Guðmundur Geirdal sem segja má að hafi verið bæjarskáld Ísafirðinga á fyrri hluta 20. aldarinnar. Hann starfaði sem kennari, lögregluþjónn og sýsluskrifari á Ísafirði en bjó síðustu æviárin í Reykjavík.

Að sögn Guðmundar er ljóðið sem hér fylgir, tilkomið vegna þeirrar ákvörðunar að byggja

skúra á norðanverðri Eyrinni á Ísafirði á sínum tíma. Sú framkvæmd mætti mikilli andstöðu bæjarbúa en var venjan að fara þar og gá að sjóveðri, en á stríðsárunum voru veðurfréttir bannaðar.

Líkja má upplifun bæjarbúa á þeim tíma við að Ísfirðingar í dag sæju fram á að byggðir væru skúrar fyrir Pollinum.



Einn bílskúrin enn

Í kring um oss gnæfa háar hlðar við himin, á vegu þrjá.
En skaparinn vildi, að fram á fjörðinn við fengjum þó alltaf að sjá.

Er hrannirnar æða á yztu miðum, svo illfært er hverri gnoð,
þá keppa öldur að Arnarnesi með úthafsins varnaðarboð.

Að sjá þessa hafsins sendiboða, er sjómannsins brýna þörf,
því veðrum háður á völtu fleyi, hann vinnur sín daglegu störf.

Nú girða þeir bæinn með bílskúrum, og bráðum er ekkert að sjá.
Við heyrum áður en langt um líður að lokinu skella þeir á.



Sandlit

Hin árlega sandkastalakeppni í fjörusandinum í Holti í Öfundarfirði hefur fyrir löngu unnið sér vinsældir sem fastur liður á hverju sumri. Þrátt fyrir nafngiftina getur þar jafnan að líta margt annað en kastala. Úr sandinum verða til ýmis dýr og hlutir, og jafnvel andlit, sem allt verður fljótlega vindi og báru að bráð. Varla hafa samt andlit á borð við þessi ennþá litið dagsins ljós á Holtsfjöru, hvað sem síðar kann að verða. Myndin er frá Chennai-ströndinni á Indlandi og höfundur skúlptúranna er listamaðurinn Sudharshan Patnaik, sem vill með þessum blíðlegu andlitum úr sandi (sandlitum) boða frið og samstöðu í baráttunni gegn hryðjuverkum.

utan úr heími



Rakarastofa

Engir stórspeglar, engin marmaraborð, enginn sérhannaður stóll með tjakki og finheitum, raunar ekkert sem finna má á „vestrænum“ rakarastofum annað en skæri og greiða og lak til að sveipa viðskiptavininn meðan á klippingunni stendur. Þrátt fyrir gríðarlegan uppgang í kínverskum efnahag á undanförunum árum - sem núna er að snúast í niðurgang eins og víðar - er margt frumstætt í dreifðum byggðum fjölmennasta ríkis heims og hefur jafnan verið. Á myndinni er rakarastofa sem þætti líklega ekki mjög glæsileg hér á Íslandi, sjálfri Nígeríu norðurhjarans. Verðið fyrir klippinguna þætti heldur ekki mjög hátt, en það svarar til um sextíu íslenskra króna.

Flestu er nú reynt að smygla

Tollverðir finna margt sem leynt á að fara og sumt nokkuð undarlegt. Á dögunum fundu tollverðir í Melbourne í Ástralíu tvo dúfnaunga festa við fótleggi ferðamanns nokkurs. Fyrst fundu tollaramir reyndar tvö egg í vösum mannsins. Þeir töldu að eggin væru ekki ætluð sem nesti á ferðalaginu og tóku manninn til nánari skoðunar. Hárið á fótleggjum mannsins mun ekki vera smyglvarningur heldur ekta, þótt ótrúlegt megi virðast. Loðinn mun mað-



urinn allur ef svo er hver limur, svo að óbeint sé gripið til alþekktra ummæla í íslensku fornriti.

Kjúklingaréttur að hætti Önnu Lóu og bananakaka

Sælkeri vikunnar býður upp á kjúklingarétt sem er mjög vinsæll á hennar heimili. Hún mælir með að rétturinn sé borinn fram með hrísgrjónum, grófu brauði og fersku salati. Í eftirrætt býður hún svo upp á dýrindis bananaköku með súkkulaði.

Kjúklingaréttur „a la Anna Lóa“
4 Kjúklingabringur
Gulrætur
Paprika
Púrrulaukur
Sveppir
Matreiðslurjómi
Thai satay sauce

Bringurnar er skornar í bita og steiktar á pönnu síðan setta í pott.

Grænmetið er skorið í bita og steikt á pönnu og sett í pottinn með kjúklingnum þá er matreiðslurjómanum og Thai satay sauce sett saman við og látið malla í smá stund.

Bananakaka
75 g lint smjörlíki



1 egg
1,5 dl sykur
2,5 hveiti
1 tsk lyftiduft
½ tsk matarsóti
½ tsk salt
1/8 negull

¼ múska
1 tsk vanillussykur
3 stk stappaðir bananar
150 g súkkulaði til að setja ofan á kökuna.

Lint smjörlíki sett í skál ásamt sykrinum og hrært saman, egg, hveiti, lyftidufti og kryddið sett

saman úti og stöppuðu bönunum blandað saman, ekki hrært lengi, setjið í hringlótt form og bakað í 30-40 mín.

Verði ykkur að góðu! Ég skora á Steingrím Rúnar Guðmundsson að verða næsti sælkeri.



Sælkeri vikunnar er Hulda Salóme Guðmundsdóttir á Ísafirði.

Stefna á síðustu gráðuna á pólnum

Hópur Belga dvaldi á dögum um á Drangajökli við hjálfun fyrir áætlaða göngu þeirra á Norðurlandinu. Það er ísfrska ferðapjónustufyrirtækið Borea Adventures sem sér um leiðsögn hópsins á jöklinum. Hópurinn hóf gönguna á Steingrímsfjarðarheiði og fór þaðan upp á jökul. Belgarnir stefna að því að ganga „the last degree“ eða síðustu gráðuna á Norðurlandinu, sem áætluð er á næsta ári. Bæjarins besta hitti hópurinn er hann kom til Ísafjarðar eftir tæpa vikudvöl og spjallaði við Joost Collins sem fékk hugmyndina að pólarferðinni og leiðsögumanninn Dixie Dansercoer.

– Hvernig kviknaði sú hugmynd að fara á Norðurlandinu?

„Þetta byrjaði allt fyrir tveimur árum þegar ég las grein eftir Julie Brown sem er kona Dixie. Ég er viðskiptamaður og alltaf í vinnunni og á þessum tíma langaði mig til að komast meira út í náttúruna. Mér fannst þessi grein mjög áhugaverð og ég ákvað að senda henni tölvupóst og skömmu seinna var ég kominn í samband við Dixie, en hann er heimsþekktur pólfari og einnig frá Belgíu eins og ég. Ég bað hann um að vera leiðsögumaður minn og taka mig til Norðurlandsins. Ég sagði að ég hafði tint norðrinu og vildi finna það aftur“, segir Joost og hlær. „Hann samþykkti það ef ég gæti hóað saman fólki í hóp. Ég fór í það verk og er nú kominn með hóp 10-12 manns fyrir Norðurlandsferðina. Þetta eru allt stjórnmendur fyrirtækja og hver hefur sitt eigið markmið og ástæðu fyrir því af hverju hann vill fara í þessa ferð. En það er



Hópur Belga dvaldi á dögum um á Drangajökli við hjálfun fyrir áætlaða göngu þeirra á Norðurlandinu. Það er ísfrska ferðapjónustufyrirtækið Borea Adventures sem sér um leiðsögn hópsins á jöklinum.

erfitt verk fyrir höndum því við þurfum að undirbúa okkur vel. Hér á Íslandi eru þið vön kulda og snjó en það erum við ekki í Belgíu. Við vorum því mjög ánægð að fá að koma hingað og æfa okkur. Í næstum heila viku höfum við ekki séð annað fólk og höfum því styrkst sem hópur. Það var ekki þurr þráður á okkur þegar við komum til baka og þetta var líkamlega erfitt en þetta var mjög góður undirbúningur. Ísland er frábært land og flest okkar eru að koma hér í okkar fyrstu heimsókn. En nú er bara

að snúa aftur heim til vinnu og raunveruleikans“, segir Joost.

– Hvernig leggið þið í hann á Norðurlandinu?

„Í apríl 2010. Áætlað er að ferðin taki tvær til þrjár vikur en það getur alltaf breyst. Við ætlum að fara 100,5 km og það er ekkert land undir heldur er þetta allt ís. Það er því misjafnt eftir dögum hversu mikið maður kemst áfram og suma dagana þarf bara að hörfa aftur á bak“, segir Joost.

– Leiðsögumaðurinn Dixie Dansercoer hefur klifið ófá fjöllin og farið í hinar ýmsu svaðilfarir.

„Já segja má að áhugamálið hafi gengið of langt og orðið að ævistarfi mínu en ég hef síðustu 20 árin farið í ýmsa leiðangra.

Þegar Joost hafði samband við mig og bað mig um að leiða hóp á Norðurlandinu sagði ég honum að það þyrfti þá vera mikill undirbúningur því ég trúði ekki á að stökkva strax á pólinn, ekki frekar en maður myndi stökkva í að klifra Mont Everest. Ég sagði honum að það væri ekki mín sýn að fólk myndi upplifa stutt ævintýri og fara svo heim, heldur þyrfti ég að fá góðan tíma til

þess að miðla af reynslu minni. Þannig getur þátttakandinn upplifað af pólinn án þess að finna til streitu og einblina eingöngu á það hvort að leiðangurinn takist eða mistakist. Það er bara nefnilega brot af upplifuninni. Það var því skilyrði mitt að við myndum taka góðan undirbúnings-tíma, eða þrjú ár.

Nú er ár í leiðangurinn og við komum hingað til Íslands til að æfa t.d. það að tjalda í snjó og elda í tjaldinu. En æfing af þessu tagi er mjög mikilvæg og nauðsynleg.“

– Eru aðstæðurnar á Drangajökli svipaðar og á Norðurlandinu?

„Nei þær eru ekki svipaðar þar sem um er að ræða frosið haf á Norðurlandinu. Þar gengur maður á ís sem flýtur og straumar og vindar hafa mikið að segja um hvernig ferðinni miðar. Stundum brotnar ísinn svo maður þarf að róa áfram á skíðunum. En maður getur ekki farið og æft sig á Norðurlandinu því það myndi vera alltof kostnaðarsamt.“

– Var þetta árangursrík æfingakerfi?

„Já algjörlega. Það var nú fremur hlýrra en ég hefði kosið en við fengum alls konar veður. Ég er nokkuð viss um að upplýsingaflæðið hafi verið alltof mikið fyrir hópurinn en þar sem ár er til stefnu vona ég að þau muni meðtaka það þegar þau líta til baka.

Ég vil þakka Borea Adventures fyrir samstarfið. Ég er mun ánægður með þá. Okkur fannst við vera mjög velkomin og eftir að fengið að upplifa Ísland í fyrsta sinn vona ég að við fáum að gera meira af því“, segir Dixie.

Fullt aðgengi að Sjónvarpi Símans

Kæru Ísfirðingar

Í tilefni þess að aðgengi ykkar að Sjónvarpi Símans hefur verið stóraukið bjóðum við upp á popp og kók með öllum vörum og þjónustu sem tengjast Sjónvarpi Símans í dag og á morgun.

Kíktu við í Netheima og fáðu nánari upplýsingar um Sjónvarp Símans.



„Við hvetjum þig til að
prófa VOD takkann og
sjá magnið af efni
sem er í boði.“



NetHEIMAR

Það er Síminn